

72. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi þann 24. september 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Freyja Ragnarsdóttir Pedersen, Gauti Geirsson, Hildur Aradóttir, Lilja Sigurðardóttir og Sif Huld Albertsdóttir.

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir og Magnús Ingi Jónsson boðuðu forföll og situr Freyja fundinn í þeirra stað en aðrir varamenn voru forfallaðir. Guðmundur Fertram Sigurjónsson boðaði forföll og Lilja kemur inn sem varamaður í hans stað.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

- 1. Fjárfestadagur – kynning**
- 2. Gullkistan – mat og næstu skref**
- 3. Frumvarp til fjárlaga og bandormur**
- 4. Ályktanir 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti**
- 5. Þingmálaskrá**
- 6. Skýrsla framkvæmdastjóra**
- 7. Fundargerðir til kynningar**
 - a. Fundargerð 75. fundar stjórnar SSNE 4. september
 - b. Fundargerð 127. fundar stjórnar SSNV 2. september
 - c. 613. fundur stjórnar SSH 15. september 2025
 - d. 626. fundur stjórnar SASS 5. september 2025
 - e. 811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
 - f. Fundargerð 14. stjórnarfundar SSA 19. ágúst 2025
 - g. Fundargerð 163. stjórnarfundar Austurbrúar 19. ágúst 2025

Fundur stjórnar FV

- 1. Ályktanir 70. Fjórðungspings að hausti**
- 2. Skýrsla VSÓ – Forgangsröðun samgönguverkefna**
- 3. Sameiningar sveitarfélaga – frumvarp ráðherra**
- 4. Umsagnir**

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Fjárfestadagur – kynning

Mættir til fundar Þorsteinn Músson, framkvæmdastjóri Bláma.

Formaður gaf Þorsteini orðið, hann skýrði að Blámi færi með framkvæmd C1 verkefnis

sem FV sótti um með heitinu „Tenging fjárfesta við innviði og auðlindir á Vestfjörðum“ Auk þess vinni Vestfjarðastofa að áhersluverkefni Sóknaráætlunar „Uppbygging og fjárfestingar“. Undir þessum verkefnum hefði komist á samstarf með Hvetjanda um kynningu á fjárfestingamöguleikum á Vestfjörðum, sem væri samhliða unnið með annari kynningu á atvinnulífi og samfélagi á Vestfjörðum þar sem Gullkistan myndaði ákveðin grunn.

Formaður gaf Þorsteini orðið.

Kynnti hann skipulag og framkvæmd kynningardags 26. september n.k. fyrir fjárfestingarsjóði og fyrirtæki auk aðila sem vinna að markaðssetningu Íslands. Framkvæmd er unnin í nánú samstarfi við fyrirtæki á Vestfjörðum.

Til máls tóku auk formanns, Gauti og Sigríður.

Þorsteinn vék af fundi.

2. Gullkistan – mat og næstu skref

Formaður gaf Guðrúnu Önnu og Sölva orðið. Þau kynntu framkvæmd Gullkistusýningar 6. september s.l., sem heppnaðist mjög vel, vakti mikla athygli vegna fjölbreytni atvinnulífs og menningar og fékk góða kynningu í fjölmiðlum. Ræddu næstu skref og hvað mætti gera betur. Hugmyndir að næstu skrefum væru opin hús fyrirtækja í héraði, sýning á höfuðborgarsvæði 2026, fjárfestafundur og sértækar kynningar fyrir sérstaka markhópa.

Til máls tóku auk formanns; Gauti, Lilja og Sigríður.

3. Frumvarp til fjárlaga og bandormur

Formaður gaf Aðalsteini orðið, hann kynnti samanburð á stöðu mála í frumvarpi til fjárlaga 2026 við umsögn FV/VFS frá maí s.l. um fjármálaáætlun 2026-2030.

Rætt um upplegg umsagnar um fjárlög og bandorm.

Til máls tóku auk formanns Sigríður og Gauti.

Fram kom að skoða yrði breytingar varðandi fiskeldisgjald og að litið yrði lækkað markaðsverðs og samkeppnisþjóðir væru að lækka gjaldtöku með tilliti til þess. Gauti boðaði skýrslu á næstu dögum frá laxeldisfélögunum saman sem innlegg í þetta.

Formaður þakkaði umræðuna og hvatti stjórn að koma með frekari ábendingar.

4. Ályktanir 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá 70. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti sem haldið var í Félagsheimilinu Hnífsdal þann 16. og 17. september s.l.. Formaður kynnti að óskað verði eftir fundum með ráðuneytum og stofnum til að kynna efni ályktanna auk þess sem þær verði lagðar til grundvallar umsögnum um þingmál og mál í Samráðsgátt. Formaður óskaði eftir umræðu stjórnar um forgangsöröðun og áherslum sem ætti að koma á framfæri við stjórnvöld og þingmenn NV kjördæmis og vísaði þar til fundar í kjördæmavíku í byrjun október n.k.

Til máls tóku auk formanns, Sigríður, Guðrún Anna, Gauti

Fram kom að skerpa yrði á málum varðandi lög um ræktun kræklinga og þörunga og að skoða yrði breytingar á framhaldsskólastigi um stofnun svæðisskrifstofa og áhrif þeirra á Menntaskólann á Ísafirði í tengslum við ályktun um menntamál á Vestfjörðum.

5. Þingmálaskrá

Formaður gaf Aðalsteini orðið. Hann kynnti efni þingmálaskrár á Alþingi 2025-2026, alls væri um 157 mál sem áætlað er að verði lögð fram á Alþingi á tímabilinu. Mál þessi vörðuðu öll samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum með einum eða öðrum hætti en þar af mætti áætla að um 60 mál sem vörðuðu Vestfjörðum með beinum hætti og kynnti hann hvaða mál það væru.

6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra.

7. Fundargerðir til kynningar-

- a. Fundargerð 75. fundar stjórnar SSNE 4. september
- b. Fundargerð 127. fundar stjórnar SSNV 2. september
- c. 613. fundur stjórnar SSH 15. september 2025
- d. 626. fundur stjórnar SASS 5. september 2025
- e. 811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
- f. Fundargerð 14. stjórnarfundar SSA 19. ágúst 2025
- g. Fundargerð 163. stjórnarfundar Austurbrúar 19. ágúst 2025

Formaður frestaði fundi kl 13.10

Af fundi véku Anna, Gauti, Lilja og Sif Huld.

Fundur settur að nýju 13.15.

Fundur stjórnar FV

Formaður lagði til breytingu á boðaðri dagskrá að taka fyrst til umræðu um frumvarp um sameiningar sveitarfélaga, tillagan samþykkt.

1. Sameiningar sveitarfélaga – Frumvarp ráðherra.

Formaður kynnti efni frumvarps til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr 138/2011. mál í Samráðgátt S 180-2025. Margþættar breytingar á sveitarstjórnarlögum sem studdar eru með greiningarskjölum og skýrslum. Varða þær m.a. fjármál sveitarfélaga, sameiningar sveitarfélaga, rammi um hverfisráð og mál landshlutasamtaka auk fleiri mála.

Formaður óskaði eftir umræðu hvort og hvaða aðkomu Fjórðungssambandið ætti að hafa á málið á þessu stigi.

Til máls tóku auk formanns, Freyja, Hildur, Sigríður og Aðalsteinn.

Formaður gerði tillögu um að Fjórðungssambandið fjalli eingöngu um breytingar á þeim hluta er varða landshlutasamtök, og að tekið verði jákvætt í þær tillögur. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Ályktanir 70. Fjórðungspings að hausti

Lagðar fram til kynningar ályktanir frá 70. Fjórðungssþingi Vestfirðinga að hausti sem haldið var í Félagsheimilinu Hnífsdal þann 16. og 17. september s.l..

Vísað til umræðu undir lið stjórnafundar Vestfjarðastofu.

Tekin fyrir ályktun um breytingu á 3. málsgrein 4. gr samþykktar Fjórðungssambandsins um skipan millipinganefndar. Formaður gerði tillögu, sem var samþykkt, um að kalla eftir skipan sveitarfélaganna í millipinganefnd og felur sviðsstjóra að vera ritari nefndarinnar.

Rætt um skipulag funda með ráðuneytum og stofnunum.

3. Skýrsla VSÓ – Forgangsröðun samgönguverkefna

Formaður gaf Aðalsteini orðið, hann kynnti minnisblað um forgangsröðun verkefna sem unnið var VSÓ ráðgjöf samkvæmt samþykkt 67. stjórnarfundar þann 12. mars s.l. á grundvelli tillögu innviðanefndar. Efni minnisblaðsins var kynnt á 70. Fjórðungssþingi Vestfirðinga þann 16. og 17. september s.l. og fékk þar eindregin viðbrögð.

Til mál tóku auk formanns, Freyja og Hildur.

Formaður gerði að tillögu að vísa efni minnisblaðsins áfram til umfjöllunar í innviðanefnd og skili tillögu til stjórnar um notkun á efni þess og til svæðisskipulagsnefndar. Stjórn leggur til að innviðanefnd taki til skoðunar að fresta um sinn umfjöllun um forsendur fyrir forgangsröðun jarðgangakosta en ljúki umfjöllun um forgangsröðun vegaframkvæmda.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Umsagnir

Formaður gaf Aðalsteini orðið. Hann kynnti efni minnisblaðs er varðar umsagnir sem eru til umfjöllunar í Samráðsgátt og frá Alþingi, eins tillögur hvernig unnið verði að úrvinnslu mála.

Formaður gerði tillögu um að unnið verði áfram samkvæmt tillögu minnisblaðs og efni umsagna verði staðfest af stjórn hverju sinni.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál

Sigríður kynnti að í dag hefði verið kynnt úthlutun úr Loftlags- og orkusjóði, Jarðheitleitarátak, fyrir árið 2025, þar af koma til úthlutunar 380 mkr til Vestfjarða af rúmlega 1000 mkr. Stjórn Vestfjarðastofu fagnar úthlutuninni og þakkar þeim sem stóðu að umsóknunum fyrir vel unnin störf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.05.